



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Vorönn 2019

TRÉH2HS15

Trésmíði
Kennsluáætlun

Kennarar:	Lárus Gestsson	Sk.st.	LG
	Óskar G. Jónsson	Sk.st.	ÓGJ

Áfangalýsing

Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni í notkun handverkfæra og rafmagnshandverkfæra, trésmíðningar, límingar, þússning og yfirborðsmeðferð. Haldið er áfram umfjöllun um efnisfræði tréiðna þar sem ítarlegar er farið í ýmsa eðliseiginleika viðar, flokkun, merkingar og þurkun. Nemendur kynnast notkun algengra tegunda viðarlíms og yfirborðsefna og tekið er fyrir val og umhirða á verkfærum s.s. stillingar, brýnsla, vinnubrögð og öryggisþættir. Nemendur læra að nota hefilbekki og stilla með áherslu á góða vinnuástöðu við mismunandi verk. Kennslan byggist að hluta á fyrirlestrum þar sem kennari útskýrir grunnatriði fyrir nemendum en stærsti hlutinn eru fjölbreytileg smíðaverkefni sem byggjast á markmiðum áfangans. Áfanginn er bæði ætlaður húsasmíðum og húsgagnasmíðum. Nemendur fá grunnþjálfun í gerð efnis- og aðgerðalista til að skipuleggja verkefni.

Undanfari:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- umgengni og notkun rafmagnshandverkfæra og öðrum handverkfærum
- öryggisþáttum rafmagnshandverkfæra
- vinnuástöðu og vinnuumhverfi
- algengasta smíðavið og smíðisfestingum
- helstu eðliseiginleikum viðar og þurkun timburs
- flokkun og merkingum timburs eftir styrk og útliti
- áhöldum til mælinga og uppmerkinga
- mismunandi gerðum hverfisteina, smergela og brýna
- þvingum og vinnuáferðum við smíðningar í trésmíði
- algengustu gerðum og notkunarsviðum viðarlíms
- nöglum og skrúfum og notkun þeirra í trésmíði
- öryggisreglum fyrir meðferð og notkun einstakra límtægunda

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota áhöld til mælinga og uppmerkinga
- nota mismunandi tegundir verkfæra
- nota algengustu hand- og rafmagnshandverkfæri
- leggja á og brýna algengustu handverkfæri
- nota helstu trésmíðingar við einfalda trésmíði
- lesa merkingar og flokka efni með tilliti til útlits og styrks

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- aðlaga sig að mismunandi vinnuumhverfi
- velja smíðavið fyrir einstök verkefni og rökstyðja valið
- flokka timbur með hliðsjón af leiðbeiningum
- beita vinnuskipulagi í trésmíði og fylgja aðgerðalista við vinnu
- ganga úr skugga um gæði smíðishluta fyrir samsetningu
- nota þvingur markvisst til að fá smíðishlut réttan í límingu
- mæla og taka úr fyrir smíðisfestingum og setja endanlega upp
- brýna handverkfæri t.d. sporjárn og hefiltönn þannig að bit sé gott.

Verkfæri sem nemendur verða að útvega sjálfir.

- Sporjárnasett 5 stk. í mismunandi breiddum af vandaðri gerð.
- Málband 3-5m af vandaðri gerð.
- Blíanta
- Kantvinkill
- Sniðmát
- Verkfærakassi lítill í samráði við kennara
-

Námsefni:

- Kennari leggur fram teikningar af skylduverkefnum sem smíðuð eru.
- Kennari leggur fram tilbúið form efnislista eða aðgerðalista.
- Efni í bókleg verkefni eru fengin jafnt á netinu sem og í gögnum kennara, fagleg þekking kennara er einnig mikill hluti af því efni sem lagt er fram jafnóðum í tímum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
2	V-2019	Kynning annar, hugað að fyrstu skrefum finna og velja efni í verkefni 1.	
3	-	Verkefni 1 <i>Bókastoð</i> , hefла efni með höndum, taka rétt og pússa.	
4	-	Verkefni 1 smíði, geirnegling.	
5	-	Verkefni 1 smíði, geirnegling og setja saman.	
6	-	Verkefni 2 <i>Búkkar</i> , efnislisti og teikningar, velja efni.	
7	-	Verkefni 2 smíði, vinna efni	Bóklegt verkefni 1
8	-	Verkefni 2 smíði, vinna efni	
9	-	Verkefni 2 smíði, setja saman.	
10	-	Verkefni 2 smíði, klára.	
11	-	Verkefni 3 <i>Trappa</i> , efnislisti og teikningar, velja efni.	
12	-	Verkefni 3 smíði, vinna efni.	Bóklegt verkefni 2
13	-	Verkefni 3 smíði, vinna efni.	
14	-	Verkefni 3 smíði, setja saman.	
15	-	Verkefni 3 smíði, sumir klára.	
16	Páskafri		
17	-	Sumir í vali aðrir að vinna í skyldu	
18	-	Sumir í vali aðrir að vinna í skyldu	Bóklegt verkefni 3
19	-	Allir reyna að klára	

Sérreglur áfangans:

Krafa er gerð um góða mætingu og virkni þar sem áfanginn byggist að mestu leiti á verklegri vinnu.

Kennari metur ástundun í námsmati eftir skráningu í Innu með tilliti til raunmætingar í tíma og hvort staðið hefur verið við d.- samninga.

Að öðru leiti gilda reglur skólans um námið.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni 1	Símat á smíðatíma. Lokamat	12% 6%
Verkefni 2	Símat á smíðatíma. Lokamat	14% 6%
Verkefni 3	Símat á smíðatíma. Lokamat	14% 6%
Bókleg verkefni	Einkunn gefin eftir hvert verkefni, lagt upp með að tvö til þrjú verkefni verði lögð fram á önninni. 14% skiptast jafnt milli verkefna.	14%
Ástundun	Kennari metur ástundun eftir samningi við nemendur (ef við á) og skráningu í Innu. Tillit tekið til árangurs við smíði.	12%
Fagleg viðhorf		8%
Samvinna og umhverfisvitund		8%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.